

SKOÐUN



Samgönguskipulag Álaborgar er til fyrirmyndar


Pórarinn Hjaltason skrifar á visir.is

Í greininni „Í Álaborg eru samgöngur fyrir alla“ sem birtist nýlega hér á Vísi: <https://www.visir.is/g/20212110182d/i-ala-borg-eru-sam-gongur-fyrir-alla> kemst ég að þeirri niðurstöðu að borgaryfirvöld í Álaborg stefni að betri samgöngum fyrir alla ferðamáta. Þar sé ekki á stefnuskrá að fjölga sem mest farþegum í almenningsamgöngum með því að setja sem minnst fjármagn í uppbyggingu vega og auka þannig verulega umferðartafir.

Ole H.W.Jensen og Ólöf Kristjánsdóttir sem bæði eru ráðgjafar í Borgarlínuverkefninu brugðust við með greininni „Borgarlínan og Plusbus í Álaborg“: <https://www.visir.is/g/20212112598d/borgar-linan-og-plusbus-i-ala-borg> þar sem þau komast að annarri niðurstöðu. Því ber að fagna að sérfræðingar skiptist á skoðunum um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Af einhverjum ástæðum hefur verið lítið um það. Vonandi verður breyting á því.

Hraðbrautir

Ole og Ólöf segja að það sé ekki stefna Álaborgar að fá fleiri hraðbrautir (mótorvegi) og fyrirhuguð gerð nýs mótorvegjar sé verkefni sem snýr fyrst og fremst að því „að greiða leið umferðar í gegnum Álaborg frekar en að auka umferðarrýmd innan borgarinnar“. Þessu er ég ósammála og færi fyrir því eftirfarandi



Mynd 1 Skipulag mótörvega í Álaborg. Fyrirhugaður mótörvegur er rauðlitaður
Heimild: <http://3limfjordsforbindelse.nu/kort-og-illustrationer>

rök:

Borgaryfirvöld hafa ásamt ýmsum hagsmunaaðilum á Norður-Jótlandi sótt fast á að fá þessa tengingu undir/yfir Limafjörðinn, enda verður hún mikil samgöngubót fyrir bæði Álaborg, grann sveitarfélög og N-Jótland, sbr. þessa greinargerð nefndarinnar 3.Limfjordsforbindelse NU!:

http://3limfjordsforbindelse.nu/upload/3Limfjordsforbindelse_14godegrunde.pdf

Núverandi tengingar yfir/undir Limafjörðinn eru fullnýttar með samtals um 120 þús. bíla á sólarhring. Á álagstíma eru langar biðraðir við tengingarnar og eru þær mestu flöskuhálsarnir í gatnakerfi Álaborgar. Því er spáð að rúmlega 30 þús. bílar á sólarhring muni nota þriðju tenginguna. Mótörvegakerfið í Álaborg verður eins og sýnt er á mynd 1. Efst á myndinni sameinast ný mótörvegurinn E 39 sem liggur norður til ferjuhafnarinnar í Hirtshals. Eldri mótörvegir eru grálitaðir. Sá veigamesti er E 45 sem er 6 akreinar á kafla þar sem umferðin er mest og liggur um austurhluta borgarinnar og endar við ferjuhöfnina í Frederikshavn. Vegna legu nýju tengingarinnar er ljóst að þeir sem í dag aka E 45 í gegnum Álaborg í áttina að Frederikshavn munu ekki nota hana.

Um þriðji hluti íbúa Álaborgar býr mjög dreift utan þéttustu byggðarinnar (Álborg by og Nørresundby), aðallega í litlum byggðakjörnum. Þessir íbúar eru því mjög háðir einkabílnum og ljóst að gott umferðarástand á mótörvegnum hefur mikla þýðingu fyrir þá. Auk þess er töluvert um að íbúar í

grannsveitarfélögum sækja bæði vinnu og þjónustu til Álaborgar. Hér má finna íbúafjölda virkra borgarsvæða skv. skilgreiningu OECD (e. functional urban area) :

https://www.oecd.org/cfe/regionaldevelopment/Appendix_all_fuas.pdf

Þarna má sjá að íbúafjöldi virks borgarsvæðis Álaborgar er um 300 þús. (2015).

Samgöngustefna

Í dag eru 37 % heimila án aðgangs að bíl. Það kemur því ekki á óvart að ferðavenjur í Álaborg séu töluvert ólíkar ferðavenjum hér á höfuðborgarsvæðinu. Rétt rúmlega helmingur ferða er með einkabíl, 7 % með almenningssamgöngum og um 40 % ferða eru gangandi og hjólandi.

Hér er hlekkur á stytta útgáfu af stefnuskjalinu Mobilitet 2040:

<https://www.aalborg.dk/media/10716141/bilag-3-mobilitet-2040-pixi-version.pdf>

Stefnt er að því að hlutur almenningssamgangna verði 10 % og Álaborg verði ein af leiðandi hjólreiðaborgum Danmerkur. Jafnframt er markmið að fækka verulega ferðum með einkabíl þar sem einungis einn er í bíl. Reiknað er með að sjálfakandi bílar og önnur framtíðartækni geti stuðlað að því að þessum markmiðum verði náð. Rauði þráðurinn í stefnunni er góður hreyfanleiki fyrir alla. Meira verður þó gert fyrir gangandi og hjólandi en einkabílinn, einkum í miðborginni.

Í þessum fréttapistli er rætt við borgarfulltrúa í Álaborg sem bendir á að með þessari stefnu megi forðast langar biðraðir bíla eins og eru í Kaupmannahöfn og Árósum:

<https://politikenbyrum.dk/Nyheder/art6894460/Mobilitetsplan-skal-sikre-Aalborg-mod-at-ende-som-K%C3%B8benhavn-og-Aarhus>

Plusbus

Ég er sammála Ole og Ólöfu um að hraðvagnakerfið Plusbus verður hágæða almenningssamgöngukerfi, óháð því hvort það muni uppfylla kröfur ITDP um BRT. Um er að ræða 2 hraðvagnaleiðir. Framkvæmdir standa yfir við Plusbus 1 og verður lokið 2023. Frumathugun á Plusbus 2 liggur fyrir. Áætlaður kostnaður við hraðvagnaleiðirnar er samtals um 20 milljarðar ISK.

Gert er ráð fyrir að Plusbus 2 aki um Limafjarðarbrúna, sem er önnur af núverandi tengingum yfir/undir Limafjörðinn. Brúin er 4 akreinar og um hana aka um 30 þús. bílar á sólarhring. Ole og Ólöf benda réttilega á að reiknað er með að Plusbus 2 aki um sérrými á brúnni þannig að aðeins 2 akreinar verði fyrir almenna umferð. Þau telja að með þessu sé verið að þrengja að bílaumferð. Það má til sanns vegar færa miðað við ástandið í dag, sbr. þessa frétt um afleiðingarnar af því að taka 2 akreinar úr notkun vegna framkvæmda við brúna:

<https://nordjyske.dk/nyheder/aalborg/bilkoeer-overalt-pas-paa-hvis-du-skal-krydse-bymidten-i-aalborg/c66abed6-a3bd-4419-9e46-da9f78317328>

Með tilkomu nýs mótorvegjar munu biðraðir við Limafjarðarbrúna styttest verulega, þar eð hluti af umferðinni mun færast yfir á mótorvegina.

Lokaorð

Að öllu samanlögðu er ljóst að það er ekki stefna Álaborgar að þrengja að umferð einkabíla með aukningu umferðartafa. Þvert á móti er stefnt að góðum samgöngum fyrir alla ferðamáta. Markmið um aukningu á hlut almenningsamgangna úr 7 % ferða upp í 10 % er mun raunhæfara en áætlun SSH um að þrefalda hlut almenningsamgangna. Í Álaborg verða lagðir margfalt meiri fjármunir í vegaf framkvæmdir en innviði fyrir almenningsamgöngur.

Þegar nýja tengingin verður komin verður búið að leggja hundruði milljarða í mótórvegakerfið á Álaborgarsvæðinu. Við erum langt á eftir í þeim efnum. Í Álaborg er ekki fyrirhugað að leggja mótórvegi í stokka fyrir tugi milljarða, þrátt fyrir að hámarkshraði á þeim sé 110 km/klst. Að öllu samanlögðu er samgönguskipulag Álaborgar til fyrirmyndar.